

Nd.

496. Frumvarp

til laga um bann við okri.

(Eftir 2. umr. i Nd.).

1. gr.

Þegar samið er um vexti af peningum, en ekki tiltekin upphæð þeirra, skulu þeir vera 5 af hundraði á ári.

2. gr.

Ef peningalán er tryggt með fasteignaveði eða handveði, skal eftirleiðis vera frjálst að taka sömu vexti og útlánsvextir Landsbanka Íslands eru á hverjum tíma.

3. gr.

Ef peningalán er hvorki tryggt með fasteignaveði né handveði, má taka vexti, er séu allt að tveimur af hundraði hærri en útlánsvextir Landsbanka Íslands eru á hverjum tíma.

4. gr.

Þegar reikna skal hámarksvexti samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal í þeim útreikningi taka tillit til kostnaðar við lántöku, affalla, afsláttar af lánsupphæðinni og þess háttar, sem allt skal reiknað sem vextir af lánsupphæðinni.

5. gr.

Þegar skuldari greiðir ekki skuld sína á réttum gjalddaga, er hann skyldur til, ef svo hefir verið um samið, frá þeim degi, er lánardrottinn leitast réttar síns á löglegan hátt, og unz hann greiðir skuld sína, að greiða vegna greiðsludráttarins í vexti einum meira af hundraði en heimilað er í lögum þessum. Ef um fasteignalán er að ræða, mega seinni veðhafar einskis í missa við það, að hinir umsömdu vextir af slíkum lánnum eru hækkaðir.

6. gr.

Ef samið er um hærri vexti eða dráttarvexti en greint er í lögum þessum, eru þeir samningar ógildir, og ef hærri vextir eða dráttarvextir hafa verið teknir, ber lánssala að endurgreiða skuldara þá upphæð, sem hann hefir þannig ranglega af honum haft.

Sá, er lánar peninga gegn hærri vöxtum eða dráttarvöxtum en greinir í lögum þessum, og sá, er útvegar slík peningalán, skal sæta sektum, er aldrei séu lægri en fjórfaldur og aldrei hærri en tuttugu og fimmfaldur sá ágóði, er ólöglega hefir tekinn verið eða áskilinn.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og frá sama tíma er úr gildi numinu tilskipun frá 27. maí 1859, um leiguburð af peningum, og lög frá 7. febrúar 1890, um vexti.